

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 338/1997.

**Hjördís Karvelsdóttir**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

**Lögmönnum Thorsplani sf. og**

**Lögskilum ehf.**

**sýslumanninum í Hafnarfirði og**

**íslenska ríkinu til réttargæslu og**

**Finni Torfa Hjörleifssyni héraðsdómara**

(enginn)

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti. Skipting sakarefnis.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. ágúst sl. Kærður er „úrskurður“ Héraðsdóms Reykjaness 10. júlí 1997, sem gekk um hluta máls varnaraðilans Lögmanna Thorsplani sf. á hendur sóknaraðila að undangenginni skiptingu sakarefnis samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en þar var hrundið kröfu sóknaraðila um, að hafnað yrði kröfu nefnds varnaraðila um staðfestingu nánar tiltekinnar kyrrsetningargerðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 „og að öðru leyti til XXIV. kafla laganna svo og eðlis máls, meginreglna laga og sanngirniraka“, svo sem segir í greinargerð hans. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að tekin verði til greina krafa hans um, að synjað verði um staðfestingu umræddrar kyrrsetningargerðar, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka.

Af málalíbúnaði sóknaraðila virðist helst mega ráða, að hann beini kærumáli þessu meðal annars að þeim héraðsdómara, sem kvað upp hina kærðu dómsúrlausn, vegna þess að héraðsdómarrinn

hafi ranglega nefnt úrlausnina úrskurð í stað þess að nefna hana dóm. Með þessu hafi dómari girt fyrir heimild sóknaraðila til að áfrýja dómi um hluta hins skipta sakarefnis, en samkvæmt 143. gr. laga nr. 91/1991 verði „úrskurðurinn“ ekki kærður.

Þótt fallist verði á það með sóknaraðila, að héraðsdómari hafi með réttu átt að nefna úrlausn sína dóm, svo sem ráðið verður af 2. mgr. 151. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1994, standa slík mistök því ekki í vegi, að úrlausnin geti sætt málskoti eftir þeim reglum, sem gilda um hana réttilega nefnda, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í dómasafni 1980, bls. 1405. Hvað sem þessu líður, hefur þó sóknaraðili enga kröfu gert á hendur héraðsdómaranum um áminningu eða sekt, heldur eingöngu haft uppi kröfur varðandi niðurstöðu hinnar kærðu úrlausnar. Slíkum kröfum verður ekki komið að fyrir Hæstarétti með kæru máls á grundvelli 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Að lögum standa ekki aðrar heimildir til kæru málsins. Þegar af þessum sökum verður því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---